

Alþingi
Velferðarnefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Sent í tölvupósti á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 27. október 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, með síðari breytingum (afglæpavæðing vörslu neysluskammta).

154. löggjafarþing 2023–2024. Þingskjal 102 — 102. mál.

Það er von þakkar veitt tækifæri á að veita umsögn.

Það er von félagasamtök hafa starfað í málaflokki fólks með fíknivanda í að verða 5 ár og á þeim tíma hefur það orðið augljósara að núverandi stefna þ.e. refsistefna og stefnuleysi í meðferðarmálum við fíknisjúkdómum er óviðunandi. Stríðið gegn vímuefnum (e. war on drugs) er löngu tapað og neikvæðu afleiðingar þess stríðs skilja eftir neytendur jaðarsetta af samfélaginu sem svo leiðir til ótímabæra dauðsfalla.

Afglæpavæðing neysluskammta líkt og frumvarp sem hér um ræðir mælir fyrir um er mikilvægur liður í baráttunni gegn jaðarsetningu fólks með vímuefnavanda. Núverandi fyrirkomulag er slíkt að lögreglu er heimilt að ljúka málum sem varða vörslu á neysluskömmtum á ólöglegum vímuefnum með lögreglustjórasekt fari sektarfjárhæð ekki yfir 1.000.000 kr. sbr. RS: 3/2021¹ og skal ekki skrá á sakaskrá brot sem varða við sektir sem eru minni en 100.000 kr.² Það er von leggur til að þessi upphæð verði hækkuð en hún gefur til kynna það magn sem er nánast búið að afglæpavæða „de facto“³. Einnig vísar það er von til þess að þeir sem hljóta sektir fyrir vörslu á ólöglegum vímuefnum ættu í núverandi fyrirkomulagi að fá að sinna samfélagsþjónustu í stað þess að vera sent í fangelsi þegar brotin eru orðin mörg, ítrekunaráhrif eru farin að hafa áhrif og sektirnar eru komin í vanskil. Auðveldara og skilvirkara kerfi að taka utan um neytendur er mikilvægur liður í skaðaminnkun.

Það er von gerir athugasemd við 1. gr. c – lið, ljóst er að skiptar eru skoðanir á frumvarpi og hingað til hefur ekki náðst samstaða um frumvarpið, að setja það í hendur ráðherra að ákveða hvaða magn getur talist til einkanotkunar getur orðið til þess að valda óstöðugleika ef tíð stjórnarskipti verða í ríkisstjórn. Það er von leggur því til að samstaða náist um að setja ákvæði í lögina sem tilgreinir magn sem skal vera refsilaust.

Það er von gerir athugasemd við 2. gr. það er mikilvægt að það sé fyrirsjáanleiki í því hvaða magn skuli vera refsilaust og því mikilvægt að slíkar upplýsingar séu aðgengilegar og auðvelt að finna fyrir það fólk sem neytir vímuefna.

¹ <https://www.rikissaksoknari.is/media/arsskyrslur/RS-3-2021-Brot-sem-ljuka-ma-med-logreglustjorasekt-1.pdf>

² <https://www.rikissaksoknari.is/sakaskra/>

³ Ekki í lagalegum skilning heldur í raunveruleikanum

Það er von gerir athugasemdir 3. gr. varðandi aldurstakmark sé 18 ára, núverandi takmörkun á sölu áfengis til einstaklinga miðast við að viðkomandi sé 20 ára. Rannsóknir hafa sýnt fram á að framheili þroskast til 25 ára aldurs og því mikilvægt að stjórnvöld geri allt í sínum ráðum til þess að sporna við neyslu vímuefna allavega til þess aldurs. Það er von leggur til að sama aldurstakmark/viðmið sé notað yfir lögleg og ólögleg vímuefni.

Það er von gerir athugasemd við 4. gr. að einungis séu ein félagasamtök tilgreind í starfshóp ráðherra og það félagasamtök sem þjónusta mjög afmarkaðan hóp af fólki með vímuefnavanda, sem myndi því ekki gefa góða heildarmynd af fólki með vímuefnavanda.

Það er von gerir þá síðast athugasemd varðandi að ekki virðist útfært hvernig lögregla skal framkvæma mælingar efna til þess að átta sig á því hvort efnið sé innan þeirra marka sem eiga að vera tilgreindir í reglugerð. Ef varsla á efnunum til einkaneyslu á að vera refsilaus og efnin eiga ekki að vera haldlögð hvernig eiga lögreglumenn að mæla eða komast að því hvort að magn sé yfir eða undir viðmiðunarmörkum. Í flestum þeim löndum þar sem hefur verið afgangslaus eru efnin ennþá haldlögð og í framhaldi er reynt að aðstoða þá með þeim hætti sem talið er líklegast að hjálpa þeim að hætta að nota. Samhliða afgangslaus eru yfirleitt samhliða breytingar á stjórnsýslu í samræmi við markmiðið að reyna að aðstoða fólk, sem er þegar uppi er staðið kannski það sem virkar hvað mest í þessum efnunum, þ.e. að veita þá aðstoð sem fólk þarf til þess að það geti hætt að nota.

Að lokum tökum við fram að það er von styður afgangslaus neysluskammta en furðum okkur á því að ekki hafa verið gerðar viðtækari breytingar á frumvarpi í ljósi þess að frumvarp hefur ekki hlotið stuðning í núverandi mynd síðustu skipti sem það hefur verið lagt fram. Til dæmis gætu verið breytingar í heilbrigðisþjónustu í málaflokkinum samhliða afgangslaus. Breytingar sem þessar þarf oft að taka í smærri skrefum svo að meðbyr fái á breiðum grunni, því við trúum því að allir séu sammála um að bjarga mannlífum.

Virðingarfyllt
fyrir hönd Það er von

Hlynur Kristinn Rúnarsson
stjórnarformaður